

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 13. júní 1971.

Samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 13. júní næstkomandi, verði lagðar fram.

Samkvæmt 1. málsg. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrár fram eigi síðar en 13. apríl næstkomandi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. apríl 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

3. febrúar 1971.

Nr. 59.

AUGLÝSING

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1963, um bæjanöfn, gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1970:

Borgarfjarðarsýsla:

Melgerði á nýbýli í landi Hóls, Lundarreykjadalshreppi.

Mýrasýsla:

Laufskálar II á garðyrkjubýli í landi Laufskála, Stafholtstungnahreppi.

Strandasýsla:

Framnes á nýbýli í landi Kaldrananess, Kaldrananeshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Móberg nýtt nafn á eignarhlutanum Móberg I í jörðinni Móberg, Engihlíðarhreppi.
Skríðuland nýtt nafn á eignarhlutanum Móberg II í jörðinni Móberg, Engihlíðarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Áshóll I á eignarhluta í jörðinni Áshóll, Grýtubakkahreppi.

Áshóll II á eignarhluta í jörðinni Áshóll, Grýtubakkahreppi.

Rauðaskriða II á eignarhluta í landi Rauðuskriðu, Aðaldælahreppi.

Rimar á nýbýli í Jarlsstaðalandi, Grýtubakkahreppi.